

MENNTAMÁL

Kennslustundir

1. Innleiða fjármálalæsi í aðalnámskrá grunnskóla.

Mikilvægt er að börn og ungmenni viti hvernig fjármál virka og að þau séu meðvituð um réttindi sín hvað varðar þessi mál. Með þessu er til dæmis átt við launaseðla og hvernig skattkort virka.

2. Innleiða kennslu um réttindi barna í aðalnámskrá grunnskóla.

Börn þurfa að læra um réttindi sín, meðal annars að þau hafa rétt á að tjá sig og að þeirra rödd og skoðanir eigi að hafa vægi í samfélaginu. Tilvalið er að bæta þessu við inn í lífsleikni tíma á grunnskólastigi.

3. Bæta lífsleikni aftur inn á aðalnámskrá grunnskóla sem sér fagi.

Mikilvægi lífsleikni er að okkar mati óumdeilanleg og er hún í hættu að gleymast þegar hún er ekki sér fag þar sem lífsleiknin er svo yfirgripsmikil. Það að fara í skóla er ekki síst um að læra að vera einstaklingur, að læra á tilfinningar sínar og hvernig huga á að andlegri og samfélagslegri heilsu okkar. Það er stór missir að hafa misst lífsleikni sem sér fag úr aðalnámskrá og ætti sú ákvörðun að vera endurskoðuð.

4. Auka fræðslu um það sem er að gerast í heiminum.

Það er mikilvægt að börn læri um það sem er að gerast núna í heiminum, ekki bara um það sem gerðist áður fyrr, og því leggjum við til að fréttatímar verði sýndir í skólasamfélaginu til að efla heimsvitund. Þetta gæti hvatt börn til að vera virkari í samfélaginu þar sem þau sjá hvað er að gerast og hvernig þau gætu mögulega haft áhrif.

5. Setja hinsegin fræðslu á aðalnámskrá grunnskóla.

Í því fjölbreytta samfélagi sem við búum í er mikilvægt að börn læri að fólk er allskonar og að þau hafi rétt á að skilgreina sig og kynhneigð sína eins og þeim líður best með. Það er almenn vanþekking í samfélaginu varðandi þessi mál og upp úr þessari vanþekkingu spretta fordómar. Þessi aðgerð myndi sporna gegn vanþekkingu og fordómum í samfélaginu á þessu sviði.

6. Innleiða umhverfisfræðslu fyrr á námsferli.

Samfélagið okkar er að tapa tengingum sínum við náttúruna sem er áhyggjuefni þar sem að það er hún sem gerir okkur kleift að lifa. Það þarf að fræða börn um það alvarlega ástand sem ríkir í umhverfismálum, en passa að forðast hræðslu-áróður. Áherslan á því að vera lögð á lausnir og hvernig börn, og samfélagið sem heild, geta unnið að þeim.

7. Auka viðmið menningarlæsis í aðalnámskrá.

Mikilvægur eiginleiki í nútímasamfélagi er að geta sett sig í spor annarra og að lesa í aðstæður. Menningarlæsi myndi fela í sér að geta séð fjölbreyttar aðstæður út frá sjónarhornum annarra, sem og út frá hnattrænu sjónarhorni. Þetta myndi hjálpa til við að sporna gegn fordómum og auka samheldni og samkennd í samfélaginu.

Háttun skólastarfs

8. Breyta einkunnum yfir í talnakerfi.

Í grunnskólum er einkunnakerfið villandi fyrir kennara, nemendur og foreldra þar sem hvert þrep er illa skilgreint og þar að auki eru ekki nógu mörg þrep. Við leggjum til að tölur verði aftur notaðar við einkunnagjöf á grunnskólastigi. Þetta myndi auka samræmi milli allra grunnskóla og milli skólastiga.

9. Tryggja jöfnuð á menntun milli landshluta.

Við höfum reynslu af því að ójöfnuður ríki á milli grunnskóla á landsvísu þegar kemur að gæðum á kennslu og því leggjum við til að það verði gerð úttekt á því hvort nemendur utan höfuðborgarsvæðisins hafi sömu tækifæri og nemendur sem eru í skóla á höfuðborgarsvæðinu.

10. Breyta skólasundi í val eftir miðstig.

Skólasund, og þær athafnir í kringum það, geta verið erfiðar fyrir börn og ungmenni þegar þau eru á viðkvæmum aldri. Sjálfsmynd ungmenna breytist ört og óábyrgt að þvinga börn til að setja í berskjaldaðar aðstæður sem bjóða upp á vettvangur fyrir stríðni og einelti.

Andleg Heilsa

Aðaláhersla: Minnka fordóma og auka aðgengi að sálfræðipjónustu til að tryggja að andlegri heilsu ungs fólks sé sinnt vel og örugglega.

1. Stöðva fordóma í kringum andlega heilsu.

Fordómar sem haldið er uppi í kringum andlega heilsu valda því að það er erfitt fyrir fólk sem er með andlega sjúkdóma að fá aðstoð þar sem það er hrætt við fordóma. Ríkisstjórnin gæti sýnt öðrum gott fordæmi í þessari erfiðu stöðu með því að áberandi stjórnarmenn styðji opinberlega málefni tengd andlegri heilsu og veki athygli á málefninu í samfélaginu.

2. Innleiða fræðslu um andlega heilsu í bæði grunn- og framhaldsskólum.

Fræðsla um andlega heilsu er mikilvægur þáttur í því að berjast gegn fordómum á þessu sviði. Best væri að koma þessu að sem aðalviðfangsefni í lífsleikni, sem og að flétta þetta inn í önnur fög.

3. Hafa sálfræðipjónustu aðgengilega fyrir alla, sama hvernig fjárhagsleg staða fólks er.

Það er nauðsynlegt að hafa aðgang að faglegri aðstoð á öllum sviðum lífsins, og þar er andleg heilsa engin undantekning. Mörg ungmenni upplifa miklar breytingar á stuttum tíma og er því aðstoð við utanumhald heilsu og tilfinninga mikilvægur þáttur. Þar er meðal annars hægt að nefna hvernig hægt er að takast á við tilfinningar og álag sem kann að valda vanlíðan. Að hafa sálfræðipjónustu aðgengilega í skólum myndi til dæmis hjálpa við þessar aðstæður og stuðla að heilbrigðu umhverfi fyrir alla.

Heilbrigðismál og réttindi fólks

4. Styttu tímamann sem það tekur fyrir innflytjendur til að komast inn í heilbrigðiskerfið.

Í dag er biðtíminn 6 mánuðir og getur verið enn lengri. Á þessum tíma er fólk að vinna og borga skatta til landsins en getur aðeins nálgast lækna og heilbrigðisþjónustu með því að borga stórar upphæðir. Þetta er ekki sanngjörn framkoma við þetta fólk.

5. Auka fjármögnun í heilbrigðiskerfið.

Heilbrigðiskerfið virðist ekki vera nógu vel fjármagnað þar sem starfsfólk vantar og sjúklingar þurfa enn, í mörgum tilvikum, að borga hátt verð fyrir aðgerðir, jafnvel með bótum sem ríkið veitir. Aukið fjármagn mun fara langt með að leysa þessi vandamál, ef rétt er farið að.

6. Auka fræðslu til öryrkja um réttindi sín í heilbrigðiskerfinu.

Öryrkjar þurfa sérstaklega á því að halda að vita hvernig kerfið virkar, hvaða valkosti og hvaða réttindi þau hafa. Með fólki sem hefur meiri þekkingu á heilbrigðiskerfinu væri minni misskilningur, betri samskipti milli sjúklinga og lækna og orðspor og álit heilbrigðiskerfisins myndi aukast. Til dæmis mætti hanna einfalda vefsíðu með svona upplýsingum og auglýsa vel.

7. Tryggja jöfnuð á heilbrigðisþjónustu milli landshluta.

Auka þarf gæði heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni þar sem fólk sem býr þar er stór og mikilvægur hluti samfélagsins. Fólkið þar ætti að hafa fleiri hjúkrunarfræðinga og lækna nær sér svo það þurfi síður að fara til Reykjavíkur í hvert skipti sem þörf er á lækniaðstoð. Betri aðstoð á landsbyggðinni gæti haft þær afleiðingar að fólki líði enn betur þar.

8. Auka fjármagn til bótaþega

Samkvæmt því sem við getum best séð eru öryrkjabætur í mesta lagi 240.680 krónur á mánuði. Samkvæmt okkar útreikningum má reikna með að lágmarkskostnaður til að lifa af mánuðinn sé um 338.790 krónur* á mánuði og engin leið til að vinna sér inn meiri pening þar sem sama upphæð er þá tekinn af bótunum.

*Lauslegir útreikningar okkar gera ráð fyrir þessum lágmarkskostnaði:

- Leiguíbúð: 235.000 krónur
- Ódýrt fæði og upphald: 60.000 krónur
- Lyf (með niðurgreiðslu): 30.000 krónur
- Netsamband: 9.440 krónur.
- Sjúkraþjálfun: 4.350

Loftslagsmál

1. Lögfesta markmið um að draga úr heildarlosun gróðurhúsalofttegunda (ásamt landnotkun) um að minnsta kosti 55% fyrir 2030.

Þetta samsvarar 7.6% samdrætti árlega og er nauðsynlegt til takmarka hlýnun Jarðar við 1.5 gráðu Celsíus og koma þannig í veg fyrir verstu afleiðingar loftslagsbreytinga¹. Einnig væri þetta í samræmi við línulega þróun að lögfestu markmiði um kolefnishlutleysi 2040.

2. Auka fjármagn til loftslagsaðgerða upp í að minnsta kosti 4% af árlegri landsframleiðslu.

Þetta er nauðsynlegt til að ná markmiðum um samdrátt í losun sem hafa þegar verið sett fram til að stefna að markmiði um að takmarka hlýnun við 1.5 gráðu frá iðnbyltingu. Aukið fjármagn núna er mun hagkvæmara en það sem það kostar að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga síðarmeir.² Samhliða auknu fjármagni þarf að uppfæra aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.

3. Auka fjárframlög til aðlögunar til landa sem verða fyrir verstu afleiðingum loftslagsbreytinga.

Þetta er mikilvægt til að aðstoða þær þjóðir sem verða fyrir verstu afleiðingum loftslagsbreytinga. Margar þjóðir finna nú þegar fyrir verulegum afleiðingum og eru þær að hluta til vegna hegðunar okkar Íslendinga. Til dæmis væri hægt að fara í samstarf við hin Norðurlöndin eða Evrópusambandið til að auka þess konar fjárframlög sem heild og setja þannig fordæmi fyrir önnur Vestræn lönd.

4. Draga saman innflutning á jarðefnaeldsneyti árlega í samræmi við markmið um kolefnishlutleysi 2040 og olíulaust Ísland 2050.

Til að tryggja það að þessum markmiðum verði náð þarf að draga saman olíu neyslu jafnt og þétt árlega og er rökrétt að innflutningur á olíu minnki í samræmi við þennan samdrátt. Þetta mynda ýta undir það að þessi samdráttur eigi sér stað og auka líkurnar á því að markmiðunum verði náð.

5. Lögfesta bann við olíuleit og vinnslu á Íslandi.

Þetta er þarft til að koma í veg fyrir olíuleit sem getur verið skaðleg fyrir vistkerfi á og umkringis Íslands. Einnig er ósamræmi milli þess að það sé leyfilegt að leita að og vinna olíu á Íslandi og að við viljum verða olíulaust land árið 2050.

6. Lögfesta banna við auglýsingar á jarðefnaeldsneyti.

Við höfum sett okkur markmið um kolefnishlutleysi og olíulaust Ísland og þá eru auglýsingar sem hvetja fólk til að neyta meiri olíu ekki í samræmi við það. Það virkar ekki að það sé leyfilegt að ýta undir neyslu á jarðefnaeldsneyti á sama tíma og við viljum draga úr þessari neyslu.

¹ UNEP Emissions Gap Report 2019 ([hlekkur](#))

² Chapter 4 - IPCC Special Report: Global Warming of 1.5 °C ([hlekkur](#))

7. Breyta landbúnaðar styrkjum til að styðja meira við grænmetisframleiðslu og minnka styrki til framleiðslu á dýraafurðum.

Framleiðsla á dýraafurðum losar töluvert meira af gróðurhúsalofttegundum og notar mun fleiri auðlindir heldur en jurta og grænmetisframleiðsla³⁴. Þetta gerir Íslensku bændum kleift að vera með fjölbreyttari og sjálfbærri framleiðslu. Einnig væri hægt að draga úr þörf á innfluttum matvælum og annars konar vörum tengdar landbúnaði við þessar breytingar.

Hringrásarhagkerfi

8. Skylda mengunaraðila til að borgar fyrir þá mengun sem verður til við starfsemi þeirra.

Neytendur vilja minnka umhverfisáhrif neyslu þeirra en það er erfitt þar sem fyrirtæki gera þeim oft ekki kleift að gera svo vegna ósjálfbærra framleiðsluhátta. Þessi skylda, sem gæti verið innleidd í formi skatts, myndi hvetja fyrirtæki til að minnka umhverfisáhrif framleiðslu þeirra og gera neytendum kleift að vera ábyrgari neytendur.

9. Samræma flokkunarkerfið á öllu landinu.

Til að auðlindir séu nýttar sem best er nauðsynlegt að flokkunarkerfið verða alveg eins alls staðar á landinu. Þannig væri hægt að flokka úrgang, bæði frá heimilum og annarri starfsemi, á sem skilvirkastann hátt.

10. Koma upp kerfi þar sem saur er nýttur sem áburður í ræktun í stað þess að honum sé dælt út í sjó.

Þetta er mikilvæg auðlind sem er mjög vannýtt eins og er. Nýting skólps myndi draga úr þörf á innflutningi á tilbúnum áburði og koma þannig í veg fyrir losun gróðurhúsalofttegunda við framleiðslu og flutning, sem og draga úr annars konar mengun við notkun þess.

11. Auka notkun á rafrænum skólabækum þar sem spjaldtölvur eru til staðar í grunnskólum.

Minka notkun á pappír í skólum með því að hafa allar bækur í rafrænu formi. Þetta myndi spara auðlindir og fjármagn til dæmis þegar kennslubækur eru uppfærðar þá þarf ekki að prenta ný eintök.

Umhverfismál og Samfélagið

12. Auka fjölda flóttafólks sem við tökum á móti árlega.

Flóttafólki kemur til með að fjölga mikið vegna afleiðinga loftslagsbreytinga. Þar sem að Ísland er rík þjóð og er með háa losun á höfuðtölu⁵ ber okkur skylda til að taka á móti þessu fólki sem þarf að flýja heimalönd sín vegna ósjálfbæra lífnaðarhátta okkar.

³ Animal-based Foods are More Resource-Intensive than Plant-Based Foods - World Resource Institute ([hlekkur](#))

⁴ 10 things you should know about industrial farming - United Nations Environmental Programme ([hlekkur](#))

⁵ National Inventory Report Iceland 2020 ([hlekkur](#))

13. Auka aðkomu ungs fólks að ákvarðanatöku í umhverfismálum.

Það sem verður ákveðið af stjórnvöldum í dag og það sem verður gert í kjölfar þessara ákvarðana mun bitna mest á unga fólki nútímans í framtíðinni. Þess vegna er mikilvægt að ungt fólk geti haft áhrif á þessar ákvarðanir. Til dæmis væri æskilegt að auka samráð við ungt fólk, gefa þeim fleiri tækifæri til að koma sínum skoðunum á framfæri og meiri þyngd í ákvarðanatöku.

14. Efla samstarf milli ráðuneyta og stofnana þegar kemur að umhverfismálum.

Umhverfismálin eru flókið málefni sem snerta á fjölmörgum flötum samfélagsins, og þess vegna er nauðsynlegt að það sé gott samstarf þvert á ráðuneyti og stofnanir, hvað sem þeirra megin svið er. Sem dæmi hafa loftslagsbreytingar áhrif á heilbrigði fólks og á atvinnustarfsemi og framleiðslu, en til að ráðast í aðgerðir til að sporna við loftslagsvánni þarf fjármagn. Hér eru strax komin fjögur starfssvið sem tengjast beint loftslagsmálunum.

Lýðræði

1. Lækka kosningaaldur niður í 16 ára.

Það er ósamræmi í því hvaða aldur er miðað við varðandi ýmsar reglur. Við leggjum til að þessi ýmsu aldursmörk verði endurskoðuð, og sérstaklega að kosningaaldur verði lækkaður niður í 16 ára úr því 18 ára takmarki sem er nú. Ein ástæða fyrir þessu er að börn byrja að borga skatta 16 ára en fá ekki að ráða því í hvað þessi peningur er nýttur.

2. Innleiða nýju stjórnarskrána.

Nýja stjórnarskránni, sem var samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu 2012, inniheldur mörg mikilvæg atriði sem tryggja meiri jöfnuð í samfélaginu, betra lýðræði og betri nýtingu auðlinda. Þjóðin myndi geta varðveitt auðlindir sínar mun betur undir nýju stjórnarskránni og hagnast mikið á því bæði til skamms og langs tíma.

Samfélag

3. Innleiða Daga heimsmarkmiðanna í aðalnámskrá grunnskóla.

Með því að innleiða heilan dag sem helgaður er heimsmarkmiðunum eru meiri líkur á því að börn átti sig á því hversu mikilvæg þessi markmið eru. Þá yrðu ungmenni hvött til að vera meðvitaðri um umhverfi sitt og þar af leiðandi tilbúnari til þess að taka þátt í þeim breytingum sem þörf er á.

4. Lækka aldur til að fá tíma hjá sálfræðingi niður í 14 ára.

Okkur finnst mikilvægt að lækka aldur barna til að leita sér sjálf hjálpar frá 14 til 16 ára aldurs. Þetta er mikilvægt þar sem sumum börnum er meinað að fá hjálp sem þau þurfa vegna skoðana foreldra/forráðamanna á andlega heilsu sem getur verið neikvæð og þessi heimili gætu verið óstöðug og skaðað andlegt ástand barna. Með því að lækka aldur barna að aðgengi að sérfræðingum án samþykkis foreldra getur þetta hjálpað börnum að takast á við streituaðstæður og áföll, og vinna úr þeim á heilbrigðan máta.

5. Koma upp gjaldskyldu á öllum bílastæðum í Reykjavík.

Þetta myndi hjálpa til við að hvetja fólk til að nýta sjálfbærari ferðamáta sem er nauðsynlegt skref í að minnka umhverfisáhrif samgangna á Íslandi og hvetja fólk til að hreyfa sig meira. Þessi breyting myndi haldast vel í hendur við bætt almenningsgöngukerfi, sem felur meðal annars í sér Borgarlínuna.

6. Leyfa innflytjendum að vinna á því sviði sem þau eru menntuð á.

Við viljum að það verði tekið meira tillit til menntunar sem innflytjendur hafa öðlast í öðrum löndum. Einnig er mikilvægt að auka aðgengi innflytjenda að menntun ef fyrri menntun þeirra er metin ófullnægjandi.

7. Stöðva launaþjófnað.

Á hverju ári eru mörg atvik þar sem tilkynnt er að vinnuveitendur greiði ekki réttar fjárhæðir til starfsmanna sinna. Meðalfjárhæð launakrafna sem Efling sendi vinnuveitendum fyrir hönd Eflingarfélagsins árið 2019 var nálægt hálfri milljón. Það er ósanngjarnt að svona reglur séu brotnar og að peningum sé stolið frá vinnandi fólki. Innleiðing hærri sekta og annarskonar refsingar vegna þess konar brota gætu hjálpað til við að koma í veg fyrir þau.

Framhald

8. Tryggja að tillögum okkar verði fylgt eftir.

Við óskum eftir því að tillögum okkar hér að ofan verði fylgt eftir og kannaðar að fullu. Okkur þætti æskilegt að fá að funda með einstaka ráðherrum til að ræða ákveðnar tillögur og komast að niðurstöðu um hvað sé hægt að gera til að innleiða þær, hvort sem þarf að breyta þeim eitthvað eða ekki. Einnig þætti okkur æskilegt að tillögum okkar væri komið áfram til næstu ríkisstjórnar og að við fengjum að hitta næstu ríkisstjórn sem verður mynduð eftir kosningarnar í September (t.d. í Desember).